

Sumarfrístund 2017

FRÍSTUNDAHEIMILIÐ HRAUNHEIMAR

Hverfið mitt 8. – 9. júní



Þetta er stutt vika og munum við leggja áherslu á að kynnast hvort öðru og starfsmönnum. Einnig notum við okkar nærumhverfi í skemmtilegar ferðir. Börnin skapa dagskránnu sjálf þessa tvo daga.

Leiklist og töfrabrogð 12. – 16. júní



Mánudagur: Kynning á dagskrá vikunnar, förum í spunaleiki og leiklistaræfingar ásamt því að horfa á töfrasýningar á skjávarpa, einnig sýnir starfsmaður létt og leikandi töfrabrogð fyrir krakkana.

Þriðjudagur: Hvað er spuni? Æfum okkur í spuna og gerum æfingar með spunatækni til þess að búa til stutt leikrit. Leikir og hópefli. Kynnumst trúðaleik og finnum trúðinn í okkur.

Miðvikudagur: Við ætlum að fara á sviðið í Hellisgerði í Hafnarfirði og æfa okkur a koma fram á sviði fyrir framan aðra og undir berum himni. Hversu langt berst röddin mín? Jafnvel getum við æft leikrit á sviðinu. Eftir góðar æfingar og hádegismat þá skellum við okkur í sundlaug í leik og slökun.

Fimmtudagur: Skoðum kennslumyndbönd af töfrabrogðum á netinu og fáum hugmyndir til að æfa okkur í skemmtilegum töfrabrogðum. Æfum okkur áfram að koma fram og með leikritin okkar ásamt töfrabrogðum.

Föstudagur: Leggjum lokahönd á undirbúning fyrir skemmtilega sýningu sem verður eftir hádegi. Foreldrum verður boðið að sjá afrakstur vikunnar og eiga notalega stund með krökkunum.

Leitin mikla 19. – 23. júní



Mánudagur: Kynning á dagskrá vikunnar. Farið verður á hjólum í Elliðaárdalinn. Við förum í ratleik þar sem leysa þarf hinar ýmsu þrautir. Munu vaða í Indíanagili og safna efnivið fyrir flugdrekagerð. Kynning á hjólabrettum og hvernig á að umgangast þau.

Þriðjudagur: Flugdrekagerð og hverjum tekst að halda flugdreka sínum lengst á lofti? Er munur á að hlaupa eða hjóla með flugdrekann? Skoðum kort af hjólaleiðum upp að Elliðavatni og leyfum börnum að velja leiðina þar sem ætlum að veiða síli.

Miðvikudagur: Förum Gufunesbæ í ratleik og förum í klifurturninn. Keppni dagsins: Hver verður fyrstur upp klifurturninn? Æfum okkur á hjólabrettunum og förum yfir búnað færur okkur svo yfir á hjólabrettapallana og gerum æfingar þar.

Fimmtudagur: Sund í Laugardalslaug, Wipe out brautin prófuð og hver kemst yfir án þess að detta í laugina? Farið verður í myndastytturatleik – „Faðmaðu styttuna“.

Föstudagur: BMX hjólastuð og hjólabrautabraut á skólalóðinni, börnin koma með eigin reiðhjól eða hlaupahjól og fara í þrautakeppni. Verðlaunaafhending, sigurvegarar vikunnar fá verðlaun.

Kassabílar og útinám 26. – 30. júní



Mánudagur: Kynning á dagskrá vikunar og förum svo beint í kassabílagarð, tökum okkur pásu yfir daginn frá kassabílagarðinni, förum í píluleik og söfnum spreki fyrir litla fleka.

Þriðjudagur: Öskjuhlíðin og nágrenni skoðað. Tálum og förum í leiki. Endum í Nauthólsvík og förum í sjóbað og leitum að skelbrotum og fínum steinum. Búum til fleka.

Miðvikudagur: Förum á útsvæðið í Gufunesbæ, klifrum í klifurturninum og prófum folf. Förum í náttúruleiki, grillum og leikum okkur í kastalanum á staðnum. Klárum kassabílana og málum.

Fimmtudagur: Tökum strætó og förum í göngu upp Esjuna, förum í leiki og tökum flekana okkar með, búum til litla stíflu í læknium og látum flekana keppast niður að stíflunni.

Föstudagur: Klárum kassabílana og förum í kassabílarallý, allir að koma með hjálma. Grillum fyllt brauð og bökkum snúða í appelsínium yfir eld og förum í leiki.

Trylltar tilraunir 3. – 7. júlí



Mánudagur: Vísindabók Villa er uppfyll af skemmtlegum tilraunum. Kynnum okkur hana og einnig hvað Ævar vísindamaður hefur brallað. Hvað langar okkur til að prófa á miðvikudaginn? Gerum nokkrar tilraunir með eggjum, til dæmis að láta skurn eyðast og búa til kristalla inn í eggjaskurn.

Þriðjudagur: Tilraunir með liti. Hvað gerist þegar ýmsum hlutum er blandað út í rauðkálssafa? Látum liti úr mismunandi glösuum blandast saman án þess að hella þeim saman.

Miðvikudagur: Hvaða tilraunir völdum við á mánudaginn? Nú er komið að því að prófa það sem við fundum og sjá hvað gerist?

Fimmtudagur: Farið niður á strönd og finnum þörungum, pöddur og fleira áhugavert til að skoða í smásjá. Skellum okkur svo í hressandi sundferð.

Föstudagur: Lokadagurinn fer í alls konar úti tilraunir þar sem er í lagi að sulla smá. Borðum úti og kannski grillum við.

Bakstur og sœlgætisgerð 14.-18. ágúst



Mánudagur: Kynning á dagskrá vikunnar, skoðum uppskriftir og veljum hvað við ætlum að hafa á kaffihúsinu okkar. Búum til kókoskúlur og gerum karamellur.

Þriðjudagur: Förum í bæjarferð og setjumst niður á kaffihús, leikum okkur á Klambratúni og förum í sund í Vesturbæjarlaug.

Miðvikudagur: Brjóstsykurs- og sleikjögerð og heimsókn á Domino's þar sem við bökum okkar eigin pizzu.

Fimmtudagur: Uppskriftarbók og sœlgætisgerð. Byrjum bakstur og undirbúning á frístundaheimilinu fyrir kaffihúsið okkar.

Föstudagur: Klárum bakstur og skreytum kökur á meðan við setjum upp kaffihúsið okkar. Þjóðum svo foreldrum að koma á kaffihúsið og njóta afrakstursins.

Frístundaheimilið Hraunheimar
Hraunberg 12
111 Reykjavík
Símar: 571-4333 og 664-4522

Aðstoðarforstöðumaður Jónína Kristín Þorvaldsdóttir

